


008643

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd

28 / 10 20 20

**Helstu kennitölur**

Matshl. 01
Landnúmer L227133
Sjá nánar skráningartöflu fyrir húsið.
Brúttó fermetrar: 227,8 m²
Íbúð: 162,1m²
Bílgeymsla: 65,7m²
Brúttó rúmmál: 936,9m³
Lóð er 852,4 m²
Nýting á lóð er 0,267

Algild hönnun:

Gerð er sérteikning er sýnir á hvern hátt er hægt að breytta skipulagi hússins þannig að það henti hreyfihömluðum. Sjá teikn. nr. 1304.

Kólnunartölur og niðurst. Orkurammans:

U-gildi þaks	< 0,20 W/m ² K
U-gildi útveggja	< 0,27 W/m ² K
U-gildi glugga	< 1,40 W/m ² K
U-gildi hurða	< 1,40 W/m ² K
U-gildi gólfis á fyllingu	< 0,25 W/m ² K
Leiðnitap á ferm. gólfis.	1,06 W/m ² K
Útveggir (vegið meðaltal)	0,44 W/m ² K

Krafa 301 / raun 242.

Byggingarlýsing:

Húsið er hefðbundið timburhús með einhalla þaki.

Húsið hvílir á steypum grunn/gólfplötu. Húsið er í notunnarflokki 3. Húsið er hannað samkv. algildri hönnun með þeim frávikum að hægt sé að gera lítilsháttar breytingar ef hreyfihamaður einstaklingur flytur í húsið.

Að innihurðum íbúða (merkt (R) á teikningum) skal leggja plaströr til rafopunar þ.e ef hurðin fullnægir ekki kröfum um aðgengi vegna hliðarrýmis. Þetta er gert til að hægt sé að rafopna hurðina ef að hreyfihamaður einstaklingur flytur í íbúðina. Staðsetning á dösnum vegna þessa skal vera samkv. reglum þar um. Berandi byggingarhlutar eru a.m.k. R30. Þak er gert úr timbursperrum er hvíla á útveggjum, burðaveggjum innanhúss og límtrésbíta. Þak er klætt hallandi yfir stofu og bílgeymslu en yfir herb. er það tekið niður. Í hallandi þak kemur 170mm steinull/vindpappi, lektur (+ 50mm einangrun) en niðurtakið loft er einangrað með 220mm steinull/vindpappa og lektum. Öll loft eru klædd gipsplötum er spartlist og málist í ljósum lit (rakagips komi í blautrymi). Að ofan er þak klætt með 18mm krossvið (mygluvarinn) og heillimdum viðurkenndum þakpappa. Loftun og flugnanet komi í þakbrúnir. Þak er loftræst með minnst 45mm loftun fyrir ofan einangrun. Þakkantar eru klæddir álplötum í dökkgráum að lit. Loftun þaks er samkv. reglum þar um. Allar loftaklæðningar skulu vera í flokki 2 eða betri.

Útveggir eru gerðir úr 45x145mm timburgrind (45x195mm í gluggavegg stofu suðurhlíðar) og einangraðir með 150mm steinull (þéttull) en í gluggavegg stofu er veggur einangraður með 200mm steinull. Að utan eru útveggir klæddir 12mm krossvið, lektum og standandi U formaðri álklaðningu í dökkum lit. Timburklaðning (22mm bandsagað timbur) kemur í inngang við anddyri. Að innan eru útveggir klæddir rakadúk, lektum og gipsplötum (rakagips í blautrymum). Útveggir eru loftaðir samkv. reglum þar um. Innveggir (12 sm) eru gerðir úr 70mm blikkstodum og klæddir beggja vegna með tvöföldum gipsplötum (blautgips komi í blautrymi) - 15sm R30 berandi veggir eru gerðir úr 45x95mm timburstodum er einangrist með 100mm steinull (þéttull) er nglíst föst sbr. reglur þar um og klæðist beggja vegna með tvöföldum plötum þ.e spónaplötur sem innra lag en gipsplötur sem ysta lag - sama lýsing gildir fyrir REI60 vegg milli íbúðar og bílgeymslu nema að veggurinn nær upp að efstu klæðningu þaks (pappa). Allar veggjaklæðningar skulu vera í flokki 2 eða betri. Allar gipsklæðningar spartlist og málist í ljósum lit. Gólf eru lögð parketi og flísum. Gólf í bílgeymslu er lakkað. Einangrun undir gólf 1. hæðar er 100 mm frauðplast en 50 mm frauðplast kemur niður með sökklum. Lokun jarðvegs við sökkla er gerður með 12mm vircplötum. Gluggar, úti- og svalahurðir eru úr timbri í hvítum lit og eru þeir klæddir fláslingum í sama lit. Úti/svalahurðir skulu vera með lágröskuldi (25mm og gerðir fyrir hjólastóla). Útihurðir skulu vera með snerli að innan og skal umferðarbreidd þeirra vera minnst 0,83m og samsvarandi hindrunarlaus hæð minnst 2,07m. Innihurðir smíðast úr timbri og skal umferðarbreidd þeirra vera 80sm og samsv. hæð 200sm. Umferðarbreidd svalahurða skal vera minnst 80sm og samsvarandi hæð 200sm. Gler er tvöfalt einangrunargler (gasfyllt (Argon eða krypton)).

Almennt gildir að öryggisgler komi í glugga/hurðir þar sem fjarlægð í gólf er minna en 60sm. Bréfalúga kemur í aðalhurð og skal staðsetning hennar gerð sbr. reglur þar um. RS tákna staðsetningu á reykskynjara en 2 koma í íbúð og 1 í bílgeymslu. BO tákna björgunarpip í glugga (minnst 60sm breitt en hæð+breidd skal ekki vera minni en 150sm) og skal læsing á opnanlegu fagi gerð samkv. reglum þar um. Innréttingar smíðast úr timbri. Í íbúðina komi 1 handslökkvitæki (staðsett í anddyri) og 1 í bílgeymslu og skulu þau vera af viðurkenndri gerð. Neysluvatnslagnir (álpep og idráttarbakar) koma í steyp gólf - kalt neysluvatn komi undir einangrun gólfis. Gólfhitakerfi (20mm plast) er í öllum rýmum og eru lagnir staðsettar í gólfsteypu. Stýring gólfhita er gerð með hitanemum og mótorkokum. Hámarks hitastig neysluvatns við töppunarstað sé 65°C. Frárennslislagnir í grunn og utanhúss eru PVC plastpípur en innanhúss eru notaðar PP plastpípur. Frárennslir er lagt í holræsakefi bæjarins. Niðurföll koma í öll blautrymi (táknáð GN á teikningum). Inntök veitustofnana koma inn í bílgeymslu hússins. Tengill fyrir rafhleðslu bifreiða verður í bílgeymslu og útvegg hennar.

Öll blautrymi eru með vélknúnni loftræsingum ásamt eldhúsi/bílgeymslu. Afköst ekki minni en lámarkskröfur byggingareglugerðar. Lagnastokkar koma upp úr þaki/vegg og endi þar í viðurkenndum loftháfi með vind/regnrist. Í bílgeymslu komi svokallað "lunga" í útvegg. Ef settur verður hitaveitipottur við húsið skal frágangur og tenging fyrir hann gerður samkv. gildandi reglugerðum fyrir heita potta. Hann skal vera með læstu loki og efri brún hans skal vera a.m.k 40sm yfir göngusvæði umhverfis hann.

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hafa hlotið staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum. Teikningarnar eru yfirfarnar af burðarvirkishönnuði.

Lóð umhverfis hús er graslögð en gangstéttar og bílastæði eru steypnar. Sorpgerði og verönd eru steypnar. Snjóbræðsla komi í steypstéttar/bílastæði/verönd. Í íbúðinni skulu vera læstir skápar eða læst rými fyrir geymslu á lyfjum, hreinsiefnum og öðrum slíkum varuðum efnum.

Oskað er eftir að fara út fyrir bygg.reit við suðausturhorn hússins eða mest 0,77m (1,9m2) og einning við horn á bilg. eða 0,14m.

NR	DAGS	BREYTING
A		
B		
C		

H.S.Á. TEIKNISTOFA

TGT Hús ehf · SUNNUHLÍÐ 12 · 603 AKUREYRI · kt. 701210-1230
sími 464-6800 · fax 464-6801 · hara@hara.is · www.hara.is

VERKHEITI				
Bakkabyggð 8, Ólafsfirði.				
HEITI TEIKNINGAR				
Grunnmynd 1. hæðar.				
VERK NR	TEIKN NR	KVARDI	DAGS	
19-303	1302	1:100	10.04.2019	
HANNAÐ	TEIKNAD	YFIRFARID	BREYTING	
HÁ	HÁ			
HARALDUR S. ÁRNASON · kt. 120149-2539 STEINMAR H. ÞÓGNVALDSSON · kt. 140574-3769				
Aftan teiknari		Aftan hönnuðingur		